# AUGLÝSING
## um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Framlenging Norðurlandsvegar (Drottningarbrautar) til norðurs frá Höpfner að Kaupvangsstræti verður aðalbraut og tengingar við hana merktar biðskyldu.
2. Umferð um ónefnda götu sunnan lóðar Hitaveitu við Þórunnarstræti skal víkja fyrir umferð um síðarnefndu götuna.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 9. október 1981.*

**Elías I. Elíasson.**

Nr. 610. 18. september 1981.

# AUGLÝSING
## um umferð í Árnessýslu.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 eru settar eftirfarandi reglur um umferð í Árnessýslu:

1. Við vegamót Skeiða- og Hrunamannavegar og Suðurlandsvegar skal umferð um Skeiða- og Hrunamannaveg víkja fyrir umferð um Suðurlandsveg.
2. Við vegamót Þorlákshafnarvegar, Þrengslavegar og Krýsuvíkurvegar skal umferð um Þorlákshafnarveg (Hveragerði) — Krýsuvíkurveg víkja fyrir umferð um Þorlákshafnarveg (Þorlákshöfn) — Þrengslaveg.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. september 1981.*

**F. h. r.**
**Ólafur W. Stefánsson.**